

Málefni: Breytingar á lóð og viðbyggingar
Dagsetning: 11.10.2024
Dreifing: Reykjanesbær – skipulagsfulltrúi
 FSRE – Geirmundur J Hauksson
Sendandi: Sigríður Magnúsdóttir

sm@tst.is

Óskað er eftir heimild til að byggja sjúkrabílamóttöku ásamt hjólageymslu á bílastæði lóðar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja við Skólaveg 6 og stækka bílastæði. Auk þess er gert ráð fyrir að byggja utan um varmadælur sem settar voru upp til að tryggja rekstraröryggi vegna mögulegra skemmda á hitaveitulögn.

Sjúkrabílamóttakan er fyrir 2 sjúkrabíla og er gegnumakstur í gegnum bygginguna. Hjólageymslan er sambyggð með sér inngangi að Sólvallagötu. Byggingin er um 200m² og allt að 5m há.

Til að tryggja greiðan akstur frá sjúkrabílamóttökunni er óskað eftir að fá að stækka plan 4,5m út fyrir lóðarmörk inn í skrudgarðinn. Runnagróður við lóðarmörk yrði færður til sem stækkun nemur.

Byggingin tekur upp mörg bílastæði og er óskað eftir að bæta þau upp með því að útbúa stæði sem fara 4,5m út fyrir lóðarmörk. Bílastæði og aksturplan út fyrir lóðarmörk er um 330m².

Óskað er eftir að aðskilja innakstur og útakstur með því að setja upp nýja útkeyrslu frá lóð.

